




Sorpurðun Vesturlands



Borgarnesi, 23. ágúst 2012.

Umhverfisstofnun.
Svið umhverfisgæða, Guðmundur B. Ingvarsson
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir urðunarstaðinn í Fíflholtum á Mýrum.

Starfsleyfi fyrir rekstur urðunarstaðarins í Fíflholtum rann út þann 14. ágúst sl.

Sorpurðun Vesturlands hf., kt. 530697-2829, Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnesi, sækir hér með um endurnýjun starfsleyfis fyrir urðunarstaðinn í Fíflholtum á Mýrum en eins og stofnuninni er kunnugt um hefur verið óskað eftir undanþágu frá starfsleyfi til eins árs þar sem viðamikil gögn hafa tafist í vinnslu.

Sótt er um starfsleyfi til 14 ára fyrir 15.000 tonn á ári, eða sama magn og kveður á um í fyrra starfsleyfi.

Hvað tegundir úrgangs varðar, sem tekið er við, er sótt um að hafa það með óbreyttu sniði og vísað til upplýsinga úr grænu bókhaldi urðunarstaðarins.

Þjónustusvæði Sorpurðunar Vesturlands hf. nær allt frá Gilsfirði í norðri og til Hvalfjarðar í suðri og er fyrirtækið í eigu 10 sveitarfélaga á Vesturlandi. Stefna fyrirtækisins hefur verið að þjónusta einungis Vesturlandi en með tilkomu erfiðleika á Vestfjörðum varð til samkomulag um að taka á móti úrgangi þaðan. Því þjónar Sorpurðun Vesturlands hf. um 20.000 íbúum, eins og staðan er í dag.

Staðan á starfssvæði sveitarfélaganna er með þeim hætti að flokkun hefur aukist og ekkert sem bendir til þess að svo muni ekki verða áfram. Umhverfisvitund sveitarfélaga, og þar með íbúa svæðisins, er vaxandi og hafa nú þegar ákveðin sveitarfélög tekið upp þriggja tunnu kerfi. Urðunarstaðurinn í Fíflholtum er ekki í aðstæðum til þess að loka á móttöku lífræns úrgangs og er hér með óskað eftir því að tekin verði umræða um skynsamlegar lausnir hvað varðar þessi mál sem einkum tengjast gassöfnun eða öðrum leiðum tengdar metangasi.

Magn úrgangs, sem berst urðunarstaðnum, hefur hlutfallslega dregist saman með aukinni flokkun. Í skýrslum sérfræðinga kemur fram það magn sem borist hefur urðunarstaðnum sl. ár. Erfitt er að spá fyrir um þróun en sbr. markmið Svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs fyrir SV-horn landsins er sett fram að árið 2020 verði urðun að mestu hætt. Forsendubrestur í efnahagslífi landsins varð til þess að þær áætlanir sem uppi voru urðu að engu en nú er að nýju komin til vinna við skoðun á moltugerðarstöð sem staðsett yrði í sem sem mestri nálægð við höfuðborgarsvæðið, eða þar sem mestur úrgangur fellur til. Með tilkomu moltugerðarstöðvar má ætla að það svæði Vesturlands sem næst liggur umræddri lausn muni senda lífrænan úrgang í þann farveg. Þessar framkvæmdir eru ekki orðnar sýnilegar í dag en munu verða það.

Sótt er um móttöku fyrir 15.000 tonn á ári, eða sama magn og kveður á um í fyrra starfsleyfi.


Á yfirstandandi ári verður tekin í notkun ný urðunarrein og er áætlaður endingartími hennar 10 ár+ sé tekið mið af því sorpmagni sem borist hefur til urðunar í Fíflholtum síðastliðin ár. Að teknu tilliti til þeirra vangaveltna að dragi verulega úr sorpi til urðunar erum við að tala um að sú urðunarrein sem um ræðir endist allt að 15 til 20 ár.

Heildarmóttökugeta urðunarstaðarins er því allnokkur ef einungis er litið til nýrrar urðunarreinar. Skilgreint urðunarsvæði er stórt og því engar áhyggjur til staðar vegna getu staðarins til stækkunar. Rekstrartími urðunarstaðarins er því óljós þar sem mörgum spurningum er ósvarað.

Fjölbreytt sérfræðivinna hefur átt sér stað og hefur Sorpurðun Vesturlands hf. leitast við að fá færa sérfræðinga að þeim verkefnum. Mannvit hefur komið að rannsóknum og skoðun gassöfnunar. Verkfræðistofan Efla hefur unnið áhættumat fyrir starfsleyfi og áhættumat bráðamengunar og viðbragðsáætlun og Stapi ehf. jarðfræðistofa, hefur unnið rannsóknir á botnþéttingu og lektarmælingum. Er það von stjórnar og starfsmanna að hér sé um faglega unnin verkefni að ræða en vert er að taka fram að við eftirfylgni verkefnanna og skoðun innanhúss er ekki annað að sjá en svo sé.

Með von um ánægjulega samvinnu við undirbúning að nýju starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn í Fíflholtum.

Virðingarfyllst.


Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri

Fylgigögn með umsókn:

Skýrsla um frekara mat á umhverfisáhrifum sorpurðunar í landi jarðanna Fíflholta í Borgarbyggð og Jörfa í Kolbeinsstaðahreppi, unnin af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. í júlí árið 1997.

Áhættumat vegna starfsleyfis. Verkfræðistofan Efla.

Áhættumat vegna bráðamengunar og viðbragðsáætlun. Verkfræðistofan Efla.

Botnþétting og lektarmælingar. Stapi ehf. jarðfræðistofa.

Gögn sem sýna að urðunarstaðurinn sé með gilt deiliskipulag en það var unnið af Hildigunni Haraldsdóttur, landslagsarkitekt, árið 1998.

Virknilysing gassöfnunarkerfis fyrir urðunarrein 4 unnið af verkfræðistofunni MANNVIT sem byggja á rannsóknum sem unnar hafa verið á árunum 2011 og 2012.

Verkís, endingartími urðunarreinar 4.

Grænt bókhald Sorpurðunar Vesturlands hf. fyrir árið 2011.



SORPURÐUNARVÆÐI Í FIFLHOLTUM Í BORGARBYGGÐ.

DELISKIPULAG: UPPRÉTT LOFTVINDAGURT FRA ISRAFA OG LOFTVINDUM EFT. MELUNVARDI 1. 2.000
 YFRUTSIPPRÁTTUR Á LOFTVINDUM SVÆÐISSKIPULAGS, málsvæði 1. 2.000.
 TEIKNISTOFAN HUS OG SKIPULAG, SUBURUNDSBRAUT 4, 108 REYKJAVÍK, Síma 591 1090
 HILDGUNNUR HARALDSSÓTTIR ARCHITECT F.A. september 1999

Deiliskipulag þetta, sem lögð hefur meðhönd skv. 80um
 nr. 72/1997 er samþykkt í Útgáfunum Borgarbyggðar
 12. mars 1999. Hildgunnur Haraldsson

Deiliskipulag 1 : 2000

Hugsanlegt
maklám 5

Maklám 2

Maklám 3

Maklám 1

Altra

Unnarsæti
1a, 1b og 15a

Maklám velduvæði
15 ha

Maklám velduvæði
10 ha

Maklám velduvæði
10 ha

Hugsanlegt
maklám 4

Umhverfisstofnun
Áb. <u>GB1</u>
16. maí 2013
<u>8.14.1</u>
Tilv. <u>15120140800105</u>



Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut
108 Reykjavík

Borgarnesi, 28. maí 2013

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir urðunarstaðinn í Fíflholtum

Viðbót við fyrirbyggjandi umsókn um starfsleyfi

Sótt er um að loka eldra urðunarsvæði og opna nýtt við hliðina þar sem urðunarrein 4 tekur við

Sorpurðun Vesturlands hf. óskar eftir því að þremur eldri urðunarreinum, þ.e. nr. 1, nr. 2 og nr. 3, verði lokað og meðhöndlist í framhaldinu sem lokað urðunarsvæði. Svæði sem inniheldur sláturúrgang verði tekið með í lokunarferlið. Nýtt urðunarsvæði verði opnað við hlið þess eldra, þ.e. við urðunarrein nr. 4.

Eins og Umhverfisstofnun er kunnugt er þessi beiðni búin að fara til formlegrar afgreiðslu Skipulagsstofnunar sem óskaði álits Heilbrigðisnefndar Vesturlands, Borgarbyggðar og UST. Var niðurstaða allra aðila á þá leið að ekki þyrfti að vinna sérstakt umhverfismat vegna þessa nýja fyrirkomulags þar sem það mat sem unnið var í aðdraganda opunar urðunarstaðarins tekur til sama svæðis og um er að ræða í dag. Tilkynning til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu hefur verið unnin og lá það fyrir þegar umsagnarbeiðni var send frá Skipulagsstofnun. Unnið er að gerð uppdráttar hjá Verkis af lokuðu svæði og verður hann sendur til Umhverfisstofnunar þegar hann er tilbúinn.

Samantekt um urðunarstaðinn

Urðunarstaðurinn í Fíflholti hefur verið rekinn frá því í desember 1998. Á þeim tíma sem liðinn er hafa verið urðuð þar um 123.578 tonn af úrgangi, þar af um 4.394 tonn af sláturúrgangi. Stuttu áður höfðu sveitarfélögin sem að Sorpurðun Vesturlands standa keypt jörðina Fíflholt sem er lögbýli og hefur landnúmerið 135995. Jörðin er 1571,6 ha að stærð.

Ábyrgðargjald og/eða starfsleyfistrygging til 30 ára

Sorpurðun Vesturlands hf. hefur óskað eftir því að fá samskonar afgreiðslu hvað starfsleyfistryggingu varðar og SORPA bs. Hjá Sorpurðun Vesturlands er því nú þannig fyrir komið að endurskoðendur fyrirtækisins vakta það að ábyrgðargjald sem nú er 0,45 kr. pr./kg skili sér inn á lokaðan reikning sem ætlað er að standa undir vöktun urðunarstaðarins við lokun hans.

Hvað varðar lokun eldra svæðis þá mun áætlun um umhverfisvöktun verða unnin fyrir eldra svæði jafnt sem nýrra svæðið.

Efla verkfræðistofa hefur nú gert úttekt á sigvatnssöfnunarkerfi allra reina urðunarstaðarins og hreinsikerfi fyrir sigvatn. Niðurstaða úttektar er að gera þurfi ákveðnar prófanir á samverkun kerfisins fyrir reinar 1-4 og úrbætur. Gera má ráð fyrir að bætt verði við búnaði eftir þörfum og niðurstöðum prófana og unnið áfram við málið þar til góð lausn fæst.

Fyrirtækið UMÍS með Stefán Gislason umhverfisstjórnunarfræðing sér um umhverfisvöktun fyrir Sorpurðun Vesturlands hf.

Hvað vatnshalla og dremskurði varðar og stjórnun á ofanvatni er vísað til skýrslna sem fyrir liggja um áhættumat frá verkfræðistofunni EFLU og jarðfræðiskýrslu Ómars Bjarka Smárásonar hjá Stapa jarðfræðistofu. Skýrslurnar fjalla ítarlega um þessi atriði.

Metangassöfnun og móttaka lífræns úrgangs

Sorpurðun Vesturlands gerir ráð fyrir að það þurfi ekki að safna gasi á þeim hluta urðunarstaðarins sem lokað verður þar sem móttöku lífræns úrgangs er nú hætt þar. Skoðun Lúðvíks Gústafssonar sérfræðings fyrir Sorpurðun Vesturlands fyrir á árinu með reiknilíkani IPCC leiddi í ljós að gasmyndun er ekki veruleg í eldri reinum. Fyrir reinar 1 og 2 er gasmyndun ekki yfir 0,16 Gg í 7 ár eða lengur og fyrir rein 3 fer gasmyndun þar yfir mörkin einungis í 8 ár. Það er álit rekstraraðila að í forsendum reiknimódeli sé hlutfall lífræns úrgangs frá heimilum bæði fyrri pappír og eldhúsúrgang heldur of hátt og það ofmeti því nokkuð gasmyndun.

Fyrir rein 4 þ.e. nýjan hluta hefur Sorpurðun Vesturlands einnig látið meta gasmyndun með IPCC líkaninu og sýnir það að gasmyndun muni fara yfir 0,16 Gg árið 2017. Ekki er gert ráð fyrir að hægt sé að hætta móttöku á lífrænum úrgangi í þessum hluta urðunarsvæðis á næstunni. Unnið hefur verið með verkfræðistofunni Mannviti bæði við gasmælingar og áætlanir um gassöfnun og hefur forhönnun söfnunarkerfis og búnaðar þegar farið fram.

Nefna má að Sorpurðun Vesturlands vinnur með Sorpu bs. og fleiri aðilum á Suðvesturhorninu að skoðun á uppsetningu gasgerðarstöðvar í nágrenni Höfuðborgarsvæðisins. Þá hafa þessir aðilar unnið sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem finna má á: <http://samlausn.is/>.

Þá er unnið við rannsóknarverkefni á urðunarstaðnum þar sem skoðað er hvernig nota má lífrænt síulag til að eyða metani. Alexandra Kjeld HÍ vinnur að því verkefni. Benda má á að allar líkur eru á að verulega dragi úr hlutfalli lífræns úrgangs í urðun á næstu árum með aukinni flokkun og endurvinnslu. Sorpurðun Vesturlands mun vinna áfram að lausn á þessum málum í samráði við Umhverfisstofnun.

Hvernig skal draga úr urðun úrgangs og áhrifum urðunar á landslag

Hvað áhrif urðunar á landslag á Mýrum varðar þá er urðun í Fíflholtum þannig háttáð að urðunarreinar eru teknar á milli klapparholta sem þar eru. Holtin standa upp úr annars fremur sléttu landslaginu og móta hæðir umhverfis urðunarsvæðið. Dýpt urðunarreinanna er því ekki mikil vegna fremur grunns og samfellds klapparbotns en markmið rekstraraðila er að hækka ekki land á urðunarsvæðinu

umfram hæð klapparholtanna. Þar með er unnið að því að landmótun vegna urðunar falli sem best að umhverfinu í kring.

Lyktarmengun hefur ekki verið vandamál í Fíflholtum. Er það m.a. vegna þess að reynt er eftir megn að hafa vinnsluflöt úrgangs litinn og hylja hann með huluefni jafnóðum. Þá er engin byggð það nálægt urðunarstaðnum að vandi skapist vegna þessa.

Hvernig skuli draga úr urðun er á höndum sveitarfélaganna sem að Sorpurðun Vesturlands standa. Þau sjá um söfnun úrgangs en víða á svæðinu eru komnar tvær tunnur og sums staðar þrjár. Lifræni úrgangurinn er farinn að flokkast frá öðru á þeim stöðum sem eru með þrjár tunnur (eða tunnu í tunnu). Flokkun pappírs er almennt orðin mikil góð svo og flokkun þeirra úrgangsflokka sem bera úrvinnslugjald eða hafa skilagjald. Það má því segja að í þeim tilvikum sem gott verð fæst fyrir úrganginn þá fari hann í viðurkenndan endurvinnslufarveg en annars í urðun.

Grænt bókhald, sýnatökur og umhverfsvöktun í Fíflholtum


Allt frá árinu 2004 hafa sýnatökur farið fram og mælingar og hefur samhliða verið unnið grænt bókhald fyrir urðunarstaðinn og þá starfsemi sem þar á sér stað. Auk þess er í grænu bókhaldi getið um allar niðurstöður mælinga sem starfsleyfið kveður á um varðandi vöktun m.a. sigvatns.

Mælingar fyrir urðunarstaðinn og umhverfsvöktun hefur verið í höndum fyrirtækisins UMÍS ehf., n.t.t. Stefáni Gíslasyni, umhverfisstjórnunarfræðingi.

Sorpurðun Vesturlands hf. sækir hér með um lokun urðunarstaðarins, þ.e. eldra svæðinu sem á eru urðunarreinar 1, 2 og 3 og sláturúrgagnssvæðið.

Sótt er um starfsleyfi fyrir nýjan urðunarstað við hlið þess eldra.

Virðingarfyllt


Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi: Teikningar af því urðunarsvæði sem lokunarferlið mun ná yfir. Teikningarnar eru með hnitaskrá yfir afmörkunarsvæðin.

Minnisblað frá EFLU, verkfræðistofu. Viðbót við áhættumat vegna botntálma, asbestgryfju o.fl.

Yfirlit yfir magn úrgangs sem hefur verið urðaður í þau urðunarsvæði sem sótt er um að setja í lokunarferli tímabilið frá des. 1998 til 1. sept. 2012.

Rafræn gögn sem finna má á meðfylgjandi slóð:

Meðfylgjandi: Grænt bókhald Sorpurðunar Vesturlands og sambærilegar skýrslur, fyrir fyrri ár, er að finna á vefnum:

http://www.ssv.is/default.asp?sid_id=6559&tre_rod=001|009|&tId=1

Áhættumat vegna bráðamengunar og viðbragðsáætlun. Unnin af Verkfræðistofunni EFLU 2012.

http://www.ssv.is/Files/Skra_0058568.pdf

Áhættumat vegna starfsleyfis. Unnið af Verkfræðistofunni EFLU 2012.


http://www.ssv.is/Files/Skra_0058569.pdf

Botnþétting og lektarmælingar í urðunarrein #4. Skýrsla unnin af jarðfræðistofunni Stapa. Ómar Bjarki Smáráson, jarðfræðingur, yfirsmiður.

http://www.ssv.is/Files/Skra_0058570.pdf

Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009 – 2020.

http://samlausn.is/resources/Files/Samlausn/2009.11.11.undirritud_endanleg_utgafa_af_svaed_isaetlun.pdf



Hnitaskrá afmörkunarsvæðis

Heilar flatarmál 37.585 m²

NUMER	X-hnit	Y-hnit
1	350226.845	469797.975
2	350257.358	469774.426
3	350104.244	469542.477
4	349953.612	469313.665
5	349920.620	469335.384
6	349982.724	469430.632
7	349958.030	469445.861
8	349966.300	469458.423
9	349943.625	469473.351
10	350015.107	469581.934
11	350086.590	469690.517
12	350109.265	469675.589
13	350124.842	469699.251
14	350150.662	469682.253
15	350190.283	469737.583
16	350219.289	469786.922

**Hnitaskrá V: \07\07186\teikn\
U25.001-HNITASKRÁ.TXT
Dags. 21/05/13**


VERKÍ

www.verkis.is - sími: +354 422 8000

<p>SAMÞYKTI:</p> <p>A 2013-05-02 VERKTEIÐNING PS FS GU EBU</p> <p>ÚT DÁÐS ÞRÍMÓÐUR TEIÐ HANÞRÍÐI DÁÐI</p>	<p>FILHOLT, BORGARBYGGÐ</p> <p>URÐUNARSTADUR</p> <p>Yfirliðamynd</p> <p>Afmörkun lokunarsvæðis</p>
<p>VERKTEIÐNING 07186 TEIÐNING</p>	<p>U25.002</p>

V:\07\07186\teikn\U25.001.dwg

© Öll rétt og öðrum höfðingjum. Öll réttin eru 1. á milli af öllum höfðingjum. Öll réttin eru 1. á milli af öllum höfðingjum. Öll réttin eru 1. á milli af öllum höfðingjum.



Hnitaskrá afmörkunarsvæðis sláturúrgangs

Heildar flatarmál 22.673 m²

NUMER	X-hnit	Y-hnit
1	349955.906	469609.877
2	349875.070	469488.404
3	349843.780	469442.310
4	349833.566	469419.556
5	349829.561	469397.862
6	349835.636	469336.045
7	349757.008	469269.290
8	349741.439	469282.627
9	349728.366	469342.162
10	349729.264	469348.265
11	349738.762	469374.846
12	349784.777	469446.190
13	349833.177	469517.198
14	349874.770	469577.713
15	349877.065	469575.989
16	349900.420	469607.090

Hnitaskrá V: \07\07186\teikn\HNITASKRÁ_SLÁTUR.TXT
 Dags. 26/05/13



www.verkis.is • sími: +354 422 8000

V:\07\07186\teikn\U25.003.dwg

SAMÞYKKT:

FÍFLHOLT, BORGARBYGGÐ
 URÐUNARSTADUR
 Yfirleysismynd
 Afmörkun lokunarsvæðis sláturúrgangs

A 2013-05-26 VERKTEIKNING PS PS GJ EBU
 ÚTÖÐUS SKYRINDAGUR TEIKNARSTAFUR

VERKJANG 07186 TEIKNING U25.003 -
 © Öll réttindi og skráningu skráð. Öll réttindi eru í höndum höfundar og Verkis.

MINNISBLAÐ

Verknúmer	Verkaupi	Dagsetning
3441-001	Sorpurðun Vesturlands	28.5.2013
Verkheiti		
Urðunarstaður í Fífiholtum – Áhættumat vegna starsleyfis (dags. ágúst 2012)		
Málafni		
Viðbót við áhættumat vegna botntálma, asbestgryfju o.fl.		
Sendandi		
Gunnar Svavarsson (GS) EFLU verkfræðistofu		
Draffing		
Hrefna B. Jónsdóttir, Sorpurðun Vesturlands		

Botn reinar 4

Fjallað er um jarðfræði og lekt tálma í skýrslu Stapa ehf – jarðfræðistofu, Fífiholt á Mýrum – Botnpétting og lektarmælingar í urðunarrein 4, dags. ágúst 2012. Mynd 20 á bls. 18 sýnir jarðlög í botni urðunarreinar 4 og legu sniða gegnum urðunarhólf. Þar sést að á mótum þóleittbasalts og dílabasalts er gjallkargalag sem gæti verið 1 – 2 m á þykkt. Gjallkarginn er almennt ummyndaður og holufylltur og hefur frekar lága lekt, en þar sem hola FL-08 var tekin mældist há lekt. Við skoðun kom í ljós að á þessu svæði hafði verið sprengt ofan af klapparbotninum og við það opnast sprungur í yfirborði. Það má hinsvegar fullyrða að þær sprungur leiða vatn aðeins niður á nokkurra metra dýpi þar sem kargabergið er lítið sprungið. Þéttleiki bergsins eykst eftir því sem neðar dregur og lekt minnkar.

Sigvatnslagnakerfið í botni reinar 4 var lagt í lægðarrennur niður eftir reininni og í fleygaðar rásir. Sigvatn rennur ekki í miklum mæli yfir kargasvæði sem er einungis nokkur prósent af flatarmáli reinarinnar. Sama má segja um berggangasvæði sem hafa meiri lekt en þéttasta bergið í reininni. Því er sú ályktun dregin að kargalag og berggangar leiði ekki sigvatn út í grunnvatnstrauma eða viðkvæmt umhverfi nema í óverulegum mæli og leiði ekki til þess að meira en 5% sigvatns hripi gegnum botntálma reinar í heild.

Hliðartálmar í rein 4

Í skýrslu Stapa kemur fram að mór sem notaður var í brattar hliðar urðunarhólfs 4 hafi lekt um $3,7 \times 10^{-7}$ m/s. Meðalþykkt hliðanna er nokkrir metrar og samanstendur efni þeirra af þéttum jökulruðningi sem var undir mótum og móajarðvegi. Mórinn í hliðum er yfir hálfan meter á þykkt og getur vel virkað sem tilbúinn tálmi fyrir sigvatn auk jökulruðningsins sem undir honum er.

Í kafla 3.3 í áhættumati er fjallað um hlutfall þess sigvatns sem fer annarsvegar gegnum botn urðunarhólfs og hinsvegar gegnum brattar hliðar þess. Vegið meðaltal lektar gegnum þessi tvö svæði er innan við þau 5% sem í gegnum tálma má fara miðað við norsku leiðbeiningarnar.

Í kafla 4 í áhættumati á miðri bls. 22 er fjallað um hriplag sem sett er ofan á botntálma urðunarstaðar og lekt þess. Þar á að standa „...lekt meiri en 1×10^{-3} m/s“.

Asbesthólf

Sérstök gryfja er fyrir asbestúrgang norðan við reinar 1 og 2 eða á um 0,7 ha svæði. Einungis hefur verið urðað í lítinn hluta hennar. Í hana hefur einungis verið urðaður óvirkur asbestúrgangur og hann hulinn strax til að ekki berist frá honum mengun. Botninn í þessu hólfu er mjög þéttur og hefur vatn safnast upp í því þar til halla fer inn í urðunarhólf 1 – 3 og rann ofanvatnið þangað. Nú hefur þessu vatni verið beint frá eldri urðunarreinum sem þá léttir á myndun mengaðs sigvatns þar og vatni beint í ræsi og skurði austur fyrir urðunarreinar 1 – 4 þar sem það rennur nú í skurði austan við rein 4 og niður í mýri. Þar sem um lítið magn af óvirkum úrgangi er að ræða og úrgangur inniheldur ekkert

lífrænt efni, auk þess sem úrgangurinn er stöðugur, ætti nánast engin mengun að berast frá honum í vatn frá hólfinu. Fyrrgreint áhættumat gildir einnig fyrir þetta svæði hvað varðar tálma og botnþéttingu þar sem engar vísbendingar eru um að bergbotn þar sé lekari en t.d. botn í rein 4.

Sótt er um lækkun krafna fyrir botnþéttingu sbr. rg. 738/2003 um urðun.

Umhverfisstofnun Áb. <i>GBI</i>
14. ágú. 2013 <i>8141</i>
Tilv. <i>V512012080010</i>



Umhverfisstofnun
Guðmundur B Ingvarsson, sérfræðingur
Suðurlandsbraut
108 Reykjavík

Borgarnesi, 20. júlí 2013

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir urðunarstaðinn í Fíflholtum


Viðbót við fyrirbyggjandi umsókn um starfsleyfi


Sótt er um að fá heimild til tilraunaverkefna innan skilgreinds urðunarsvæðis.

Óskað er eftir því að fá inn í starfsleyfi urðunarstaðarins í Fíflholtum að hægt sé að fá svigrúm til tilrauna með endurnýtingu flokkaðs úrgangs innan skilgreinds urðunarsvæðis.

Sveitarfélögin á Vesturlandi hafa til þessa ekki unnið að neinum tilraunum eða flokkun úrgangs í Fíflholtum. Hins vegar þykir æskilegt að hafa heimild sem þessa inni í starfsleyfi ef til þess kemur að vilji verður til þess að skoða með frekari starfsemi innan skilgreinds urðunarsvæðis, og þá að sjálfsögðu í samráði við eftirlitsaðila.

Virðingarfyllst


Hrefna Bryndís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri



Umhverfisstofnun
Guðmundur B. Ingvarsson, sérfræðingur
Suðurlandsbraut
108 Reykjavík

Borgarnesi, 6. ágúst 2013

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir urðunarstaðinn í Fíflholtum
Athugasemdir við starfsleyfistillögu

Hriplag

Í drögum að nýju starfsleyfi er farið fram á að hriplag í botni urðunarreinar sé 0,5 m. Sorpurðun Vesturlands hf. sækir um lækkun kröfu um þykkt hriplags í botni urðunarreinar úr 0,5 m í 0,3 m. Vísað er til meðfylgjandi minnisblaðs frá EFLU, verkfræðistofu, þar um.

Daglegur frágangur urðunarreina.

Í drögum að nýju starfsleyfi er kveðið á um að úrgangur skuli birgður daglega og skal þekjulag vera að lágmarki 150 mm á þykkt. Þetta þekjulagsmagn tekur gríðarlegt pláss í urðunarrein og fyllir dýrmætt rými urðunargryfju. Sorpurðun Vesturlands hf. óskar þess að dregið verði úr þessu þekjulagsviðmiði. Vísað er til meðfylgjandi minnisblaðs frá EFLU, verkfræðistofu þar um.

Virðingarfyllst

Hrefna Bryndis Jónsdóttir, framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi: Minnisblað EFLU verkfræðistofu – viðbót við umsókn um starfsleyfi.

MINNISBLAÐ

Verknúmer	Verkkaupi	Dagsetning
3441-005	Sorpurðun Vesturlands hf.	16.7.2013
Verkheiti		
Urðunarstaður Fíflholtum – ný starfsleyfistillaga – Viðbót við umsókn um starfsleyfi		
Málefni		
Greinar 3.2 og 4.3 í tillögu að starfsleyfi		
Sendandi		
Gunnar Svavarsson, EFLA verkfræðistofa		
Dreifing		
Hrefna B. Jónsdóttir, SV		



Grein 3.2 í starfsleyfistillögu fyrir urðunarstaðinn í Fíflholtum, verndun jarðvegs og grunn- og yfirborðsvatns

Skv. grein 3.2 í starfsleyfistillögu skal hriplag vera á botni urðunarstaðarins og skal það hafa hærra lektarstuðul en $1,0 \times 10^3$ m/s og vera að lágmarki 0,5 m að þykkt. Sama þykkt gildir fyrir hriplag hallandi hliða urðunarhólfs. Krafan er sótt í grein 3.3 í l. viðauka reglugerðar nr. 738/2003 um urðun, en þar segir að fyrir kerfi til að safna sigvatni skuli hriplag vera $\geq 0,5$ m fyrir urðunarstað fyrir almennan úrgang.

Skv. grein 3.4 í l. viðauka reglugerðarinnar getur Umhverfisstofnun ákveðið í starfsleyfi að minnka þær kröfur sem gerðar eru til lektar og sigvatnssöfnunar í liðum 3.2 og 3.3 í viðaukanum, ef sýnt hefur verið fram á að jarðvegi, grunn- eða yfirborðsvatni stafi ekki hætta af urðuninni eða að ekki sé þörf á sigvatnssöfnun. Ákvörðunin skal byggjast á framlögðum gögnum um áhættumat í umsókn um starfsleyfi.

Í framlögðu áhættumati Sorpurðunar Vesturlands (SV) dagsettu í ágúst 2012 er í kafla 3.3 sýnt fram á að uppsöfnun sigvatns á botni urðunarhólfs og hliðum verði innan við 0,01 m. Hriplag sem er 0,5 m að þykkt nýtist því ekki betur til að minnka uppsöfnun sigvatns á botni en hriplag sem væri þynnra, t.d. 0,3 m. Í áhættumati SV er vísað í bókina Geotechnical Practice for Waste Disposal frá Chapman og Hall varðandi útreikninga á uppsöfnun og lekt gegnum tálma en þar kemur fram á bls. 194 í kafla 9.3 Primary Leachate Collection and Removal System að kröfur Umhverfisstofnunar Bandaríkjanna (EPA) fyrir urðunarstaði fyrir hættulegan úrgang séu að hriplag sé 30 cm þykkt.

Sorpurðun Vesturlands sækir því um að Umhverfisstofnun lækki kröfuna um þykkt hriplags úr 0,5 m í 0,3 m í nýju starfsleyfi þar sem sýnt hafi verið fram á það í þegar framlögðu áhættumati að með því sé ekki dregið úr verndun jarðvegs og grunn- og yfirborðsvatns.

Grein 4.3 í starfsleyfistillögu, daglegur frágangur urðunarreina

Skv. greininni skal úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein vera birgður daglega og skal þekjulag vera að lágmarki 150 mm á þykkt. Í dag er urðunarstaðurinn í Fíflholtum með yfir 30 tonna sorptroðara sem ekur reglulega yfir vinnslufliot hvers dags. Úrgangurinn sem berst á urðunarstaðinn er nú losaður af flutningatækjum neðarlega í urðunarrein og úrgangurinn síðan troðinn upp á við til að auka þjöppun og þannig fæst einnig sléttara yfirborð og minna fok er af léttum úrgangi af yfirborði. Vinnslufletinum er síðan lokað í lok vinnudags með þekjuefni til að byrgja fyrir fugli og foki en lykt af úrgangi hefur ekki verið vandamál í Fíflholtum vegna fjarlægðar frá byggð. Daglegt þekjuefni er unnið og aðflutt efni og fyllir verðmætt rými urðunarhólfs sem aftur þýðir að urðunarreinin stækkar. Auk þess leiðir þetta til minni virkni gassöfnunar þar sem úrgangsmassinn er rúmfrekari, óeinsleitari og dreifðari. Ákvæði um lágmark daglegrar hulu var ekki gerð í eldra starfsleyfi urðunarstaðarins og í reglubundnu eftirliti á urðunarstaðnum hefur ekki svo vitað sé verið gerð athugasemd vegna þessa. Það er því álit rekstraðila að nægjanlegt lágmarks daglegt þekjulag sé um 5-10 cm að þykkt í stað 15 cm og óskar hann því eftir að svo verði í nýju starfsleyfi.




Umhverfisstofnun
Guðmundur B Ingvarsson, sérfræðingur
Suðurlandsbraut
108 Reykjavík

Borgarnesi, 12. ágúst 2013

Yfirlýsing milli Norðurár bs. og Sorpurðunar Vesturlands hf.

Meðfylgjandi er yfirlýsing sem gerð var á milli Norðurár bs., sem rekur urðunarstaðinn í Stekkjavík, og Sorpurðunar Vesturlands hf. sem inniheldur gagnkvæmt samkomulag um urðun úrgangs ef til óvæntrar stöðvunar kemur

Virðingarfyllt


Hrefna Bryndís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri



Norðurá bs
Byggðasamlag um sorpeyðingu



Sorpurðun Vesturlands

Y F I R L Ý S I N G

Norðurá bs., byggðasamlag um sorpeyðingu á Norðurlandi vestra, kt. 560206-0620, og Sorpurðun Vesturlands hf. kt. 530697-2829, gera með sér gagnkvæmt samkomulag um að heimilt sé að flytja sorp til urðunar á urðunarstöðunum að Stekkjarvík og Fíflholtum ef til þess kemur að grípa þurfi til óvænttrar stöðvunar á urðun úrgangs á öðrum hvorum þeirra.

Gjört þann 7. mars 2012.

f.h. Norðurár bs.

Magnús B. Jónsson, formaður

F.h. Sorpurðunar Vesturlands hf.

Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri